

Nr. 141/11 Siglunes SI 70 – Jonni SI 86**Ásigling á miðunum****Siglunes SI 70**

Skipaskr.nr. 1146
 Smíðaður: Akranesi 1971 stál
 Stærð: 102,9 brl. 186,9 bt.
 Mesta lengd: 27,26 m Skráð lengd: 24,62 m
 Breidd: 6,6 m Dýpt: 5,53 m
 Vél: MAN B&W 732 kW 1990
 Fjöldi skipverja: 6



Siglunes©Guðmundur St. Valdimarsson

Jonni SI 86

Skipaskr.nr. 2599
 Smíðaður: Reykjavík 2003 plast
 Stærð: 11,4 brl. 15 bt.
 Mesta lengd: 11,6 m Skráð lengd: 11,58 m
 Breidd: 3,6 m Dýpt: 1,44 m
 Vél: Volvo Penta 334 kW 2004
 Fjöldi skipverja: 2



Jonni ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. nóvember 2011 var Siglunes SI 70 á útleið frá Siglufirði og Jonni SI 86 að draga línu á Siglunesgrunni. Veður: NV 6 m/sek og gott skyggni.

Skipstjórnarmaður á vakt í brúnni á Siglunesi SI varð ekki var Jonna SI fyrr en of seint til að geta forðað árekstri og sigldi aftarlega á bakborðssíðu Jonna SI með þeim afleiðingum að hann skemmdist talsvert ofan þilja. Bátsverjar á Jonna SI höfðu ekki orðið varir við Siglunesið SI. Enginn leki fannst en Siglunesið SI fylgdi bátinum til hafnar á Siglufirði.



Niðurgangur í vél brotnaði

Talsverðar skemmdir urðu á Jonna SI. Niðurgangur (hús) í vél brotnaði frá þilfari og

nokkur bönd sprungu frá síðu í vélarúmi.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra Sigluness SI var hann nýfarinn úr brúnni þegar atvikið átti sér stað og stýrimaður tekinn við stjórn. Fram kom hjá honum að hann hefði ekki séð báta á svæðinu koma inn á plotter í gegnum AIS kerfið en séð þá í ratsjá. Þeir hefðu ekki séð Jonna SI í ratsjóni og taldi hann hugsanlegt að það hafa verið vegna þess að hann var beint framundan og merki frá honum lent í skugga vegna frammasturs. Fram kom hjá honum að ratsjón (Furuno) væri ekki góð að hans mati;
- að ratsjárseindirinn er staðsettur miðskips á þaki stýrishússins;
- að stýrimaðurinn sat í stól sem er staðsettur fyrir miðri brú og sá ekki til bátsins fyrr en hann kom undan bógnum eftir ásiglinguna;
- að við vinnslu þessarar skýrslu var ítrekað reynt að ná í stýrimanninn sem var á vakt en hann hefur ekki verið á landinu. Skv. framburði hans í lögregluskýrslu var atvikalýsing hans þar samhljóða því sem fram hefur komið.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er ófullnægjandi varðstaða um borð í Sigluness SI.